



Heimilistrygging

Skilmáli nr. GH01

Tryggjandi er VÍS tryggingar hf., kt. 670112-0470, hér eftir nefnt „VÍS“.

Um trygginguna gildir:

- Skírteinið ásamt áritunum og sérskilmálum.
- Skilmáli þessi nr. GH01.
- Almennur skilmáli VÍS nr. YY10.
- Lög um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.

Skírteini og endurnýjunarkvittun ganga framur skilmálum. Skírteini, endurnýjunarkvittun og skilmálar ganga framur frávikjanlegum lagaákvæðum.

Heimilistrygging er víðtæk trygging sem tryggir innbú og íbúa heimilisins fyrir ýmsum algengum tjónum.

Innbústrygging II. kafla er grunnurinn en kaflar III – V eru valkvæðir og getur þú þannig sniðið trygginguna að þínum þörfum.

Skilmáli segir til um hvaða réttindi og skyldur þú og VÍS hafið.

Skírteini staðfestir að þú hafir keypt tryggingu hjá VÍS. Skírteinið er aðgengilegt með því að skrá sig inn á vis.is.

Efnisyfirlit

I. Almenn ákvæði

II. Innbústrygging

- A. Innbú
- B. Ábyrgðartrygging einstaklings

III. Innbúskaskó

IV. Fjölskylda og frítími

- A. Frítímaslysstrygging
- B. Neyðaraðstoð vegna ofbeldis í nánu sambandi
- C. Áfallahjálp
- D. Sjúkrahúsleguþrygging
- E. Málskostnaðartrygging

V. Ferðatrygging

Víðauki I – Takmarkanir á tryggingarfjárhæðum

I. Almenn ákvæði

1. Innifaldar tryggingar

- 1.1 Trygging skv. III., IV. og V. kafla er innifalin ef hún er tilgreind í skírteini eða endurnýjunarkvittun.

2. Hverjir eru tryggðir?

- 2.1 Tryggingartaki, sem er sá einstaklingur sem nefndur er í skírteini eða endurnýjunarkvittun.
- 2.2 Einnig eru tryggð:
- 2.2.1 Maki eða sambúðarmaki tryggingartaka og ógift börn þeirra, þ.m.t. fósturbörn, enda hafa þau sama lögheimili á Íslandi og tryggingartaki, sameiginlegt heimilishald og búa á sama stað.
- 2.2.2 Maki tryggingartaka, þó hann hafi annað lögheimili.
- 2.2.3 Börn tryggingartaka og börn maka eða sambúðarmaka hans sem eru yngri en 18 ára þótt þau hafi lögheimili á Íslandi á öðrum stað en tryggingartaki.
- 2.2.4 Aðilar sem skráðir eru á skírteini eða endurnýjunarkvittun að beiðni tryggingartaka enda hafi þeir aðilar sama lögheimili og tryggingartaki, sameiginlegt heimilishald og búa á sama stað.

Fjölskyldur og fjölskyldusamsetning getur verið alls konar. Þess vegna er mikilvægt að vita hverjir eru tryggðir í **heimilistryggingunni**. Við hvetjum þig til að hafa samband við okkur ef fjölskylduhagir þínir passa ekki við grein 2.2.



3. Tvítrygging

- 3.1 Ákvæði almenna skilmála VÍS nr. YY10 um tvítryggingu á ekki við um ábyrgðartryggingu einstaklings, áfallahjálþ, frítímaslysaftryggingu og sjúkrahúslegutryggingu.

4. Sérstakar takmarkanir á bótaskyldu

- 4.1 Tryggingin bætir ekki tjón eða aukningu á tjóni sem beint eða óbeint hlýst af eða er af völdum jarðskjálfta, eldgoss, skriðufalls, snjóflóðs eða annarra náttúruhamfara.

5. Ákvörðun bóta

- 5.1 Tryggingin skal einungis bæta raunverulegt tjón hinna tryggðu. Tryggður skal ekki hagnast á tjónsatburði.

6. Háttsemi annarra

- 6.1 Við ákvörðun bótaábyrgðar er VÍS heimilt að bera fyrir sig háttsemi maka hins tryggða og einstaklings sem hann býr með í föstu varanlegu sambandi.¹

II. Innbústrygging

A. Innbú

7. Hvað er tryggt?

- 7.1 Tryggingin tekur til innbús sem fylgir almennu heimilishaldi, er í eigu hinna tryggðu og telst ekki vera hluti af húseign eða fylgify hennar. Hér undir fellur:
- Almennt innbú s.s. húsgögn, heimilistæki, skrautmunir, leirtau, bækur, fatnaður og sængurföt, auk almenns viðlegubúnaðar og almennra tómsundaáhalda.
 - Persónulegir munir s.s. gleraugu og heyrnartæki.
 - Sérgreint innbú, þ.e. peningar, verðbréf, handrit, frumteikningar, mynt- og frímerkjasöfn.
 - Einn umgangur sumar- eða vetrarhjólbarða undir hvern einkabíl sem skráður er í eigu tryggðu. Auka- og varahlutir sem tilheyra vélknúnu ökutæki, hjólhýsi, fellihýsi, tjaldvagni eða skemmtibát í eigu tryggðu. Hjólbarðarnir og aukahlutirnir skulu samsvara tegund viðkomandi farartækis.

8. Hvar gildir tryggingin?

- 8.1 Tryggingin gildir á skráðu lögheimili tryggingartaka en tekur þó einnig til:
- Almenns innbús, sbr. a-lið greinar 7.1, sem í allt að 90 daga er utan lögheimilis tryggingartaka hérlandis, en trygging á slíkum hlutum takmarkast þó við 15% af fjárhæð innbús sem fram kemur í skírteini eða endurnýjunarkvittun.
 - Innbús, sbr. grein 7.1, sem varanlega er staðsett í geymslu utan lögheimilis tryggingartaka hérlandis, en takmarkast þó við 15% af fjárhæð sem fram kemur í skírteini eða endurnýjunarkvittun.
 - Innbús, sbr. grein 7.1, sem flutt er í geymslu vegna flutninga eða framkvæmda á heimili tryggðu í allt að 12 mánuði frá upphafi geymslutímabils.

9. Hvað bætir tryggingin?

Tryggingin tekur til eftirfarandi atburða/atvika:	Hvað bætir tryggingin?	Hvað bætir tryggingin ekki?	Varúðarreglur sem tryggður þarf að fara eftir:
9.1 Eldsvoði, elding og sprenging	a) Tjón af völdum eldsvoða. ² b) Tjón af völdum eldingar. c) Tjón af völdum sprengingar.	d) Tjón sem verður vegna vinnu með sprengiefni við verklegar framkvæmdir.	e) Tryggður skal sjá til þess að munir séu ekki settir í hættu frá eldi eða hita.
9.2 Sóttfall	a) Tjón vegna sóttfalls sem verður skyndilega og óvænt frá viðurkenndu kynditæki eða eldstæði.	b) Tjón af völdum sóts eða reyks sem safnast hefur smám saman fyrir við notkun.	
9.3 Viðbótarkostnaður vegna innbústjóns	a) Tjón af völdum slökkvi- og björgunaraðgerða þegar markmið með ráðstöfununum er að forðast eða takmarka tjón sem fellur undir trygginguna og ráðstafanirnar teljast sérstakar og réttlætanager. b) Nauðsynlegan flutning eða geymslu á innbú í sambandi við innbústjón sem bótaskyld er úr tryggingunni. c) Muni sem skemmast við ofangreindar aðgerðir.		

Náttúruhamfaratrygging Íslands bætir ýmis tjón á eignum okkar í kjölfar náttúruhamfara. Sjá nánar á www.nti.is.

Ef innbú er utan lögheimilis þarf að kaupa sérstaka tryggingu til að öðlast vernd NTÍ fyrir náttúruhamföllum.

Ef að þú átt mjög dýra hluti, eins og t.d. skartgrip, málverk, myndavél eða dýrt reiðhjól þá mælum við með að þú hafir samband til að tryggja þá sérstaklega.

Ef þú þarft að koma innbúinu þínu fyrir annars staðar, t.d. vegna flutninga, þá þarftu kannski að tryggja það sérstaklega. Það fer allt eftir tímalengd og verðmæti innbúsins sem er í geymslu.

¹ Sbr. 29. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.

² Það telst ekki eldsvoði þegar hlutir sviðna eða bráðna ef eldur er ekki laus.



<p>9.4 Vatn, gufa og olía</p>	<p>a) Tjón af völdum vatns, gufu og olíu sem óvænt og skyndilega streymir úr leiðslum hússins og á upptök innan veggja hússins. b) Tjón af völdum vatns sem streymir óvænt og skyndilega úr vatnsrúrum eða fiskabúrum vegna bilana. c) Tjón af völdum vatns sem flæðir úr hreinlætistækjum vegna mistaka eða bilana á tækjunum. d) Tjón af völdum leka frá frystikistum og kælikápum, þó ekki á tækjunum sjálfum ef þau eru eldri en 5 ára. e) Tjón af völdum yfirborðsvatns sem orsakast af skyndilegu úrhelli eða asahláku og vatnsmagn verður svo mikið að frárennslisleiðslur ná ekki að flytja það frá.³</p>	<p>f) Tjón af völdum utanaðkomandi vatns, svo sem grunnvatns, úrkomu, flóða, sjávarfalla eða vatns frá svölum, þökum, þakrennum eða frárennslisleiðslum þeirra. g) Tjón af völdum vatns sem þrýstist upp úr skolp- eða frárennslisleiðslum eða ef skolpleiðslur geta skyndilega ekki flutt allt það vatn er að berst, þó með þeirri undantekningu ef leiðsla stíflast eða springur innanhúss</p>	<p>h) Tryggður skal sjá til þess að lokað sé fyrir vatnsaðstreymi í óupphituðu húsi og vatnslagnir tæmdar þegar hættu er á frosti til að fyrirbyggja frostsKemmdir. i) Tryggður skal sjá til þess að niðurföll séu í lagi með því að hreinsa frá þeim til að fyrirbyggja söfnun yfirborðsvatns.</p>
<p>9.5 Þjófnaður</p>	<p>a) Tjón vegna þjófnaðar úr íbúðarhúsnæði eða geymslu tilheyrandi lögheimili tryggingartaka. Ef íbúðarhúsnæði er ólæst en ekki mannlæst greiðast bætur sem nema að hámarki 5% af fjárhæð sem fram kemur í skirteini eða endurnýjunarkvittun og tekur við slíkar aðstæður ekki til þjófnaðar á peningum, verðbréfum, úrum, skartgripum, handritum, frumteikningum, mynt- eða frímerkjasöfnun. b) Tjón vegna þjófnaðar úr sumarhúsi, hjólhúsi, veiðihúsi, einkabáti, einkalöftfari, bílskúr eða geymslu utan íbúðarhúsnæðis, sem nemur allt að 5% af fjárhæð sem fram kemur í skirteini eða endurnýjunarkvittun. c) Tjón vegna þjófnaðar úr bifreið. Hámark er á greiðsluskýldu VÍS skv. viðauka I. d) Tjón vegna þjófnaðar á eignum nemenda yngri en 18 ára úr skólahúsnæði, sem nemur allt að 5% af fjárhæð sem fram kemur í skirteini eða endurnýjunarkvittun. Ákvæði þetta á eingöngu við um þjófnað á munum í eigu nemenda og gildir einnig í íþróttahúsum, fristundarheimilum og á sundstöðum á vegum skólans þegar nemendur eru í umsjá kennara eða starfsfólks. e) Tjón vegna þjófnaðar á reiðhjólí, léttu bifhjólí í flokki I skv. skilgreiningu umferðalaga, barnavagni og barnakerru. Hámark er á greiðsluskýldu VÍS skv. viðauka I.</p>		<p>f) Læsa skal íbúðarhúsum, sumarhúsum, veiðihúsum, hjólhúsum, bílskúrum, geymslum, bifreiðum, bátum og loftföllum og loka öllum gluggum og krækja aftur. Tryggður skal sjá til þess að ekki sé skilið við ólæst íbúðarhúsnæði mannlæst. g) Tryggður skal læsa reiðhjólí og léttu bifhjólí í flokki I þegar hann skilur við það og geyma skal lykila á öruggum stað. h) Ekki skal skilja annað en fatnað eftir í fatahengjum eða fataskápum í skólahúsnæði eða öðru húsnæði tilheyrandi kennslu, svo sem íþróttahúsum og sundstöðum.</p>
<p>9.6 Rán</p>	<p>a) Tjón af völdum ráns þegar hinir tryggðu munir eru teknir með líkamlegu ofbeldi eða hótun um að beita því þegar í stað.⁴</p>		
<p>9.7 Skemmdarverk</p>	<p>a) Tjón af völdum skemmdarverka sem unnin eru af ásetningi.</p>	<p>b) Tjón af völdum skemmdarverka tryggðu sjálfra eða einhvers sem heimild hefur til veru á heimili tryggðs. c) Tjón af völdum skemmdarverka á munum sem voru utan dyra annars staðar en við lögheimili tryggingartaka.</p>	
<p>9.8 Brot eða hrun</p>	<p>a) Tjón sem verður á innbúi á lögheimili tryggingartaka af völdum þess að munir úr innbúinu detta skyndilega og óvænt niður og brotna. Með munum úr innbúinu er átt við hluti sem festir eru við vegg eða loft, svo sem veggskápa, hillur, málverk, myndir, loft og vegggljós, svo og muni sem voru í eða á þeim munum sem hrunu.</p>	<p>b) Tjón á verkfærum, snjalltækjum, gleraugum, gervitönnum, heyrnartækjum og úrum sem verður vegna brots eða hruns. c) Tjón af völdum vökva sem hellist niður við brot eða hrun. d) Tjón vegna brots eða hruns af manna völdum.</p>	<p>a) Tryggður skal gæta þess að munir séu rétt og tryggilega festir skv. notkunarleiðbeiningum.</p>
<p>9.9 Umferðaróhapp</p>	<p>a) Tjón á innbúi sem er staðsett í bifreið sem lendir í umferðaróhappi.</p>		
<p>9.10 Ofhitun á þvotti</p>	<p>a) Tjón á þvotti sem ofhitnar í þvottavél eða þurrkara ef tjónið stafar af bilun í þvottavélinni eða þurrkaranum. Til staðfestingar á því að um bilun hafi verið að ræða skal tryggður leggja fram reikning fyrir viðgerð ásamt bilanálýsingu viðgerðarmanns.</p>	<p>b) Tjón á þvottavélinni eða þurrkaranum.</p>	<p>c) Tryggður skal sjá til þess að notkun á þvottavél og þurrkara sé í samræmi við notkunarleiðbeiningar.</p>
<p>9.11 Ófyrirséð stöðvun á kælikerfi frystikistu eða kælikáps</p>	<p>a) Tjón á matvælum vegna ófyrirséðrar stöðvunar á kælikerfi frystikistu eða kælikáps, enda leiði það til eyðileggingar á matvælum sem í þeim eru. Bætur geta numið allt að 2% af fjárhæð sem fram kemur í skirteini eða endurnýjunarkvittun. b) Tjón á frystikistunni eða kælikápnum sjálfum vegna ófyrirséðrar stöðvunar á kælikerfi tækisins ef það er yngri en 5 ára og ábyrgð seljanda nær ekki til tjónsins.</p>		<p>c) Tryggður skal sjá til þess að notkun á frystikistu og kælikáp sé í samræmi við notkunarleiðbeiningar.</p>
<p>9.12 Skammhlaup</p>	<p>a) Tjón vegna skemmda á rafmagnstækjum sem rekja má til skammhlaups í þeim.</p>	<p>b) Tjón á tækjum sem eru eldri en 10 ára. c) Tjón sem ábyrgð seljanda viðkomandi tækja nær til.</p>	<p>e) Tryggður skal sjá til þess að notkun rafmagnstækja sem falla undir þennan nær til.</p>

³ Hafa skal til hliðsjónar við ákvörðun bótaskýldu hvort almennt eignatjón hafi orðið á svæðinu af völdum úrhellis og/eða asahláku er tjónsatburðurinn átti sér stað.

⁴ Sbr. 252. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.



		d) Tjón sem rekja má til bilunar hjá rafmagnsveitu og veldur spennubreytingu.	tölulíð sé í samræmi við notkunarleiðbeiningar.
9.13 Skyndilegur snjópungur	a) Tjón á innbúi sem er afleiðing af völdum skyndilegs snjópunga sem slígað hefur þak eða vegg húseignar.	b) Tjón sem rekja má til byggingargalla. c) Tjón sem rekja má til ófullnægjandi viðhalds.	
9.14 Óveður	a) Tjón af völdum óveðurs þegar vindhraði nær 28,5 metrum á sekúndu. Til óveðurstjóna á innbúi teljast eingöngu þau tjón sem verða þegar vindur hefur rofið þak, glugga eða aðra hluta hússins. Séu ekki fánlegar viðurkenndar upplýsingar um vindhraða á tjónsstað er tjónið varð skal hafa til hliðsjónar við ákvörðun bótaskyldu hvort almennt eignatjón hafi orðið á svæðinu af völdum veðurs er tjónsatburðurinn átti sér stað.	b) Tjón á munum utanhúss.	
9.15 Loftför	a) Tjón af völdum loftfara og hluta sem frá þeim falla.		

10. Ákvörðun bóta

- 10.1 Bætur skulu miðaðar við verðmæti á tjónsdegi á nýjum hlut, sambærilegum þeim sem skemmdist. VÍS er heimilt að afskrifa verðmæti hlutar vegna aldurs, notkunar og annarra atriða sem geta haft áhrif á verðmæti hlutarins. Afskriftir geta ekki orðið meiri en fram kemur í töflunni hér á eftir.

Tegund	Afskrifast á	Afskriftir	Hámarksafskriftir
Snjalltæki ásamt fylgihlutum	6 mánaða fresti	25%	100%
Tölvubúnaður ásamt fylgihlutum	12 mánaða fresti	20%	100%
Önnur raftæki ásamt fylgihlutum	12 mánaða fresti	20%	70%
Annað	12 mánaða fresti	10%	70%

- 10.2 Ef unnt er að gera við það sem skemmdist þannig að það verði í svipuðu ástandi og fyrir tjón og viðgerð borgar sig að mati VÍS, getur VÍS annað hvort greitt áætlaðan viðgerðarkostnað eða látið gera við það sem skemmdist á kostnað VÍS. Það telst fullnaðarviðgerð þó að sjá megi að gert hafi verið við hlutinn.
- 10.3 Ef ekki er unnt að gera við það sem skemmdist eða það borgar sig ekki að mati VÍS, getur VÍS greitt bætur í peningum eða útvegað sambærilegan hlut og varð fyrir tjóninu að teknu tilliti til afskrifta skv. grein 10.1. Hafi verið greiddar bætur skv. þessari grein áskilur VÍS sér rétt til að gera tilkall til þess sem skemmdist.
- 10.4 VÍS hefur rétt til að greiða mismun á verðmæti þess sem skemmdist eins og það var fyrir tjónsatburð og verðmæti eftir tjónsatburð.
- 10.5 Þegar hámarksbætur eru tilgreindar sem prósentuhlutfall af tryggingarfjárhæð innbús er átt við bætur þegar búið er að draga eigin áhættu frá.
- 10.6 Eftirfarandi takmarkanir eru á bótaskyldu:
- 10.6.1 Verkfæri, úr og skartgripir bætast sem prósentuhlutfall* af tryggingarfjárhæð sem kemur fram í skírteini eða endurnýjunarkvittun enda séu þessir munir á skráðu lögheimili tryggingartaka þegar tjónsatburður verður.
- 10.6.2 Sérgreint innbú skv. c-lið greinar 7.1 bætist sem prósentuhlutfall* af tryggingarfjárhæð sem kemur fram í skírteini eða endurnýjunarkvittun enda séu þessir munir á skráðu lögheimili tryggingartaka þegar tjónsatburður verður.
- 10.6.3 Munir skv. d-lið greinar 7.1 bætast eingöngu ef þeir eru geymdir í bílskúr eða annarri geymslu tilheyrandi lögheimili tryggingartaka. Auka- og varahlutir farartækja bætast sem prósentuhlutfall* af tryggingarfjárhæð skv. skírteini eða endurnýjunarkvittun.
- 10.6.4 Tölvugögn og hugbúnaður bætist ekki.
- 10.6.5 Óáþreifanleg verðmæti s.s. hugverk og minjagildi bætast ekki.
- 10.7 Stolnir munir sem koma fram eftir að bætur hafa verið greiddar fyrir viðkomandi muni eru eign VÍS og skal þeim skilað til VÍS. Tryggður getur þó haldið muninum ef hann óskar þess með því að endurgreiða bæturnar.

*Sjá upplýsingar um prósentuhlutfall í viðauka I.

B. Ábyrgðartrygging einstaklings

11. Hvar gildir tryggingin?

- 11.1 Tryggingin gildir á Íslandi og á ferðalagi erlendis í allt að 92 samfellda daga frá upphafi ferðar frá Íslandi.

Afskriftir eru 10% á öllum hlutum nema annað sé tekið fram í töflunni.

Samkvæmt íslenskum lögum bera einstaklingar skaðabótaábyrgð á tjóni sem þeir valda öðrum með saknæmum og ólögnum hætti. Þessi regla er nefnd **sakarregla** og er grundvallarregla í íslenskum rétti. Ef sá sem sóttur er til greiðslu skaðabóta á ekki sök á tjóninu ber hann almennt ekki skaðabótaábyrgð.

Hlutverk ábyrgðartryggingar er að greiða skaðabætur fyrir tryggða ef hann hefur bakað sér skaðabótaábyrgð, að því leyti sem tjónþoli á ekki að bera tjón sitt sjálfur vegna meðsakur eða meðábyrgðar, sem og að greiða kostnað sem tryggði verður fyrir ef skaðabótakrafa er gerð á hendur honum.



12. Hvenær gildir tryggingin?

- 12.1 Tryggingin tekur til tjónsatburðar sem verður á tryggingartímabilinu.
- 12.2 Komi afleiðingar atviks sem tjón hefur hlotist af og gerst hefur á tryggingartímabilinu ekki í ljós fyrr en tryggingin er fallin úr gildi greiðir VÍS samt sem áður bætur.
- 12.3 VÍS greiðir ekki bætur fyrir tjón vegna atviks sem varð áður en tryggingartímabilið hófst, enda þótt tjónið komi ekki í ljós fyrr en á tryggingartímabilinu.

13. Hvað bætir tryggingin?

- 13.1 Tryggingin bætir:
- Beint líkams- eða munatjón þriðja aðila vegna skaðabótaábyrgðar tryggða sem fellur á hann sem einstakling skv. íslenskum lögum. Með munum er átt við fasteign og lausafé, þ.m.t. dýr. Tryggingin bætir slík tjón að því leyti sem tjónþoli á ekki að bera tjónið sjálfur vegna eigin sakar.
 - Tjón af völdum léttra bifhjóla í flokki I skv. skilgreiningu umferðarlaga og reiðhjóla sem eru ekki tryggingarskyld skv. lögum um ökutækjatrýggingar þrátt fyrir i.-lið f-liðar greinar 14.1.
 - Beint líkams- eða munatjón þriðja aðila sem tryggði kann að valda við golfiðkun á golfvelli eða á æfingasvæði við golfvöll, án tillits til skaðabótaábyrgðar tryggða að lögum. Með munum er átt við fasteign og lausafé, þ.m.t. dýr. Tryggingin bætir slík tjón að því leyti sem tjónþoli á ekki að bera tjónið sjálfur vegna meðsakar eða meðábyrgðar.
 - Beint líkams- eða munatjón þriðja aðila sem börn, yngri en 10 ára og falla undir tryggingu þessa valda, án tillits til skaðabótaábyrgðar að lögum. Með munum er átt við fasteign og lausafé, þ.m.t. dýr. Tryggingin bætir slík tjón að því leyti sem tjónþoli á ekki að bera tjónið sjálfur vegna meðsakar eða meðábyrgðar. Tryggingavernd skv. grein þessari gildir ekki, þegar barn er aðili að umferðartjóni og tjón verður á skráningarskyldu ökutæki í notkun.
 - Tjón sem hinir tryggðu valda á innbúsmunum sem gestkomendur í heimahúsum, án tillits til skaðabótaábyrgðar að lögum. Tryggingin bætir slíkt tjón að því leyti sem tjónþoli á ekki að bera tjónið sjálfur vegna meðsakar eða meðábyrgðar.

Tryggingin nær ekki til tjóns sem tryggður veldur sjálfum sér eða öðrum tryggðum.

Með hugtakinu „þriðji aðili“ er hér átt við aðila sem er ekki tryggður undir þessari tryggingu. Dæmi um tjón þriðja aðila er ef þú (eða annar tryggður) veldur t.d. nágretta tjóni á eignum hans. Í því samhengi er nággranninn „þriðji aðili“.

14. Hvað bætir tryggingin ekki?

- 14.1 Tryggingin bætir ekki:
- Tjón innan samninga, þ.e. tjón sem tryggður ber ábyrgð á vegna vanefnda á samningi.
 - Tjón sem hinir tryggðu valda hverjir öðrum.
 - Tjón sem verður vegna atvinnu tryggða, hvort sem um er að ræða eigin atvinnurekstur eða arðbæra vinnu í þjónustu annarra. Með atvinnu er einnig átt við hvers konar aukastörf sem tryggði vinnur gegn endurgjaldi.
 - Tjón á munum sem tryggði hefur til afnota, til geymslu eða eru af öðrum orsökum í hans vörslu.
 - Tjón sem stafar af handalögmálum eða þátttöku tryggða í refsiverðum verknaði.
 - Tjón sem tryggður ber ábyrgð á vegna skaðabótaábyrgðar hans sem eiganda eða notanda:
 - Fasteigna, báta, vélknúinna farartækja eða vinnuvéla og loftfara þ.m.t. dróna.
 - Skotvopna.
 - Hesta, hunda, annarra húsdýra eða gæludýra.
 - Tjón sem stafar af eldsvoða, vatni vegna slökkvistarfs, reyk, sóti eða sprengingu.
 - Sektir, málskostnað eða önnur útgjöld í tengslum við refsímál.
 - Tjón sem verður vegna mengunar lofta, jarðar, gróðurs, sjávar eða vatns. VÍS bætir þó þess háttar tjón ef það verður rakið til eins skyndilegs atburðar.
 - Tjón vegna langvarandi raka eða vatnsleka og tjón vegna myglu og sveppagróðurs.
 - Tjón sem rekja má til asbests eða efnis sem inniheldur asbest að einhverju leyti.

Áhættu samkvæmt f-lið greinar 14.1 er hægt að tryggja sérstaklega.

15. Varúðarreglur

- 15.1 Tryggðum ber að fara í einu og öllu eftir þeim lögum og reglum sem gilda á hverjum tíma um framleiðslu, afhendingu, flutning, geymslu eða varðveislu sprengiefna, eiturs eða annarra álíka hættulegra efna.

Varúðarreglur eru kröfur sem gerðar eru með það að markmiði að koma í veg fyrir tjón eða draga úr líkum á að tjón verði. Mikilvægt er að vita hverjar þær eru.



16. Tryggingarfjárhæð

- 16.1 Ábyrgð VÍS vegna hvers einstaks tjónsatburðar takmarkast við hámarksfjárhæð bóta sem tilgreind er í skírteini eða endurnýjunarkvittun. Verði fleiri en eitt tjónsatvik af sömu orsök teljast þau vera af völdum eins tjónsatburðar.
- 16.2 Kostnaður sem til er stofnað með samþykki VÍS til þess að skera úr um bótaskyldu hins tryggða og vextir af bótafjárhæð greiðast, enda þótt greiðsla VÍS fari af þeim sökum fram úr hámarksfjárhæð bóta sem tilgreind er í skírteini eða endurnýjunarkvittun.
- 16.3 Sé hámarksfjárhæð bóta sem tilgreind er í skírteini eða endurnýjunarkvittun lægri en höfuðstóll kröfu um skaðabætur greiðist aðeins sá hluti kostnaðar og vaxta er svarar til tryggingarfjárhæðar þeirrar sem VÍS ber að greiða. Utan Norðurlanda takmarkast bótaskyldan við hámarksfjárhæð bóta sem tilgreind er í skírteini eða endurnýjunarkvittun.

17. Ákvörðun bóta fyrir líkamstjón

- 17.1 Tryggingin greiðir bætur fyrir líkamstjón þriðja aðila á grundvelli skaðabótalaga nr. 50/1993.

18. Ákvörðun bóta fyrir munatjón

- 18.1 Bætur skulu miðaðar við verðmæti á tjónsdegi.
- 18.2 Ef unnt er að gera við það sem skemmdist þannig að það verði í svipuðu ástandi og fyrir tjón og það borgar sig að mati VÍS, getur VÍS annað hvort greitt áætlaðan viðgerðarkostnað eða látið gera við það sem skemmdist á kostnað VÍS.
- 18.3 Ef ekki er unnt að gera við það sem skemmdist eða það borgar sig ekki að mati VÍS, getur VÍS greitt bætur í peningum eða útvegað sambærilegan hlut og varð fyrir tjóninu. Hafi verið greiddar bætur skv. þessari grein áskilur VÍS sér rétt til að gera tilkall til þess sem skemmdist.
- 18.4 VÍS hefur rétt til að greiða mismun á verðmæti þess sem skemmdist eins og það var fyrir tjónsatburð og verðmæti eftir tjónsatburð.

19. Staða tjónþola við tjón

- 19.1 Ef trygging tekur til tjóns vegna skaðabótaábyrgðar sem tryggður ber getur tjónþoli krafist bóta beint frá VÍS. Skyld er að upplýsa tjónþola um ábyrgðartryggingu sé hún fyrir hendi.
- 19.2 Ef fram kemur krafa um bætur á hendur VÍS skal tilkynna það tryggða án ástæðulauss dráttar og veita honum upplýsingar um meðferð kröfunnar. Viðurkenning VÍS á atriðum sem lúta að ábyrgð er ekki bindandi fyrir tryggða.
- 19.3 Nú tilkynnir tjónþoli VÍS að hann hyggist höfða mál á hendur því og getur VÍS þá krafist þess að hann beini málshöfðuninni einnig gegn tryggða. Skal VÍS tilkynna tjónþola um þá kröfu sína án ástæðulausrar tafar og á sannanlegan hátt.
- 19.4 Um stöðu tjónþola að öðru leyti vísast til 44. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.

20. Meðferð bótakrafna

- 20.1 Tryggða ber að leita samráðs við VÍS um réttarstöðu sína ef hann er krafinn skaðabóta vegna tjóns sem hann er talinn eiga sök á.
- 20.2 Tryggði má ekki viðurkenna bótaskyldu sína eða gera samninga um bætur án samþykkis VÍS. Viðurkenning tryggða á skaðabótaskyldu skuldbindur aðeins hann sjálfan en ekki VÍS.
- 20.3 VÍS kemur fram fyrir hönd tryggðs og ræður málsmeðferð allri og annast málsmeðferð fyrir dómstólum ef á reynir. Sama gildir um kröfur um laun fyrir björgun eða aðstoð.

III. Innbúskaskó

21. Hvað er tryggt?

- 21.1 Tryggingin tekur til innbús eins og það er skilgreint í grein 7.1.
- 21.2 Tryggingin tekur ekki til tjóns sem er bótaskyld skv. ferðatryggingu í V. kafla jafnvel þó að fullar bætur fái ekki greiddar.

22. Hvar gildir tryggingin?

- 22.1 Tryggingin gildir á Íslandi.
- 22.2 Tryggingin gildir á ferðalagi erlendis í allt að 92 samfellda daga frá upphafi ferðar frá Íslandi og heim aftur.

23. Hvað bætir tryggingin?

- 23.1 Tryggingin bætir tjón af völdum skyndilegra og ófyrirsjáanlegra utanaðkomandi atvika á tryggingartímabilinu, sem eru ekki bótaskyld skv. öðrum ákvæðum skilmálans eða eru

Innbúskaskó veitir þér ríkari vernd gegn tjóni á innbúi þínu en innbústrygging II. kafla.



undanskilin skv. grein 24.1 hér á eftir.

24. Hvað bætir tryggingin ekki?

24.1 Tryggingin bætir ekki:

- Tjón sem rekja má til eðlilegs slits, svo og tjón sem eingöngu veldur útlitsgalla en rýrir ekki notagildi hins tryggða.
- Tjón sem rekja má til galla, rangrar samsetningar eða innri bilana, svo sem vélrænna bilana.
- Tjón sem orsakast af snöggum hita- og/eða rakabreytingum
- Tjón sem rekja má til myglu.
- Tjón vegna þjófnaðar.
- Tjón sem stafar af klóri og nagi eða losun þvags og saurs frá gæludýrum.
- Tjón sem rekja má til hvers konar meindýra.
- Tjón á tölvugögnum og hugbúnaði.
- Minjagildi.
- Muni ef þeir tynast eða tapast.

25. Varúðarreglur

- 25.1 Tryggður skal fara að fyrirælu framleiðanda hvað varðar meðhöndlun, uppsetningu, notkun og viðhald hins tryggða.
- 25.2 Tryggður skal loka gluggum, krækja þá aftur og læsa hóbýlum, bílum, bátum og öðrum stöðum þar sem hinir tryggðu munir eru skildir eftir.
- 25.3 Tryggður skal ekki skilja við hina tryggðu muni eftirlitslausa á almannafæri og gæta þess að taka þá með þegar staður er yfirgefinn.

Við bendum sérstaklega á varúðarreglur skilmálans.

26. Ákvörðun bóta

- 26.1 Bætur skulu miðaðar við verðmæti á tjónsdegi á nýjum hlut, sambærilegum þeim sem skemmdist. VÍS er heimilt að draga frá bótum verðrýrnun vegna aldurs, notkunar og annarra atriða sem geta haft áhrif á verðmæti hlutarins. Skal þá beita afskriftarreglum greinar 10.1.
- 26.2 Ef unnt er að gera við hlut þannig að hann verði í svipuðu ástandi og fyrir tjón og það borgar sig að mati VÍS, getur VÍS annað hvort greitt tryggðum áætlaðan viðgerðarkostnað eða látið gera við það sem skemmdist á kostnað VÍS.
- 26.3 Ef ekki er unnt að gera við það sem skemmdist eða það borgar sig ekki að mati VÍS, getur VÍS greitt bætur í peningum eða útvegað sambærilegan hlut og varð fyrir tjóninu að teknu tilliti til verðrýrnunar skv. grein 10.1. Hafi bætur verið greiddar skv. þessari grein áskilur VÍS sér rétt til að gera tilkall til hlutarins sem skemmdist.
- 26.4 VÍS hefur rétt til að greiða mismun á verðmæti hlutarins sem skemmdist eins og það var fyrir tjónsatburð og verðmæti eftir tjónsatburð.
- 26.5 Óáþreifanleg verðmæti s.s. hugverk og minjagildi bætast ekki.
- 26.6 Hámarksfjárhæð bóta vegna hvers einstaks tjóns svo og hámarksbætur á tryggingartímabilinu koma fram í skírteini eða endurnýjunarkvittun.

IV. Fjölskylda og frítími

A. Frítímaslysstrygging

27. Hvar gildir tryggingin?

- 27.1 Tryggingin gildir hvar sem er í heiminum.
- 27.2 Þrátt fyrir ákvæði 2. gr. gildir tryggingin fyrir námsmenn erlendis haldi námsmaður lögheimili sínu á Íslandi.

28. Hugtakið slys

- 28.1 Með hugtakinu slys er átt við skyndilegan utanaðkomandi atburð sem veldur meiðslum á líkama þess sem tryggður er og gerist án vilja hans. Við meiðsl á útlimum og vegna tannbrota er þess þó eingöngu krafist að um sé að ræða skyndilegan atburð sem veldur meiðslum á líkama tryggðs og gerist án vilja hans.

29. Hvað bætir tryggingin?

- 29.1 VÍS greiðir bætur vegna slyss sem tryggður verður fyrir í frístundum, við heimilisstörf, í ólaunuðu námi eða við almennar íþróttaiðkanir, ef það leiðir til:



- a) Andláts.
 - b) Varanlegs miska.
 - c) Tímabundins missis starfsorku 18 ára og eldri.
 - d) Tannbrots.
- 29.2 VÍS greiðir einnig innlendan sjúkrakostnað:
- a) Ef kostnaðurinn hefur hlotist af bótaskyldu slysi, þó ekki vegna tannbrots.
- 29.3 Innlendum sjúkrakostnaður greiðist eingöngu gegn framvísun reiknings. Með innlendum sjúkrakostnaði er átt við kostnað sem viðurkenndur er af Sjúkratryggingum Íslands.
- 29.4 Ef tryggður er með gilda reiðhjólatriggingu hjá VÍS þá gildir frítímaslysatriggingin við æfingar og keppni í hjóleiðum á hinu tryggða reiðhjóli án viðbótargjalds, þrátt fyrir c-lið greinar 30.1.

Dæmi um innlendan sjúkrakostnað getur verið kostnaður sem fellur til vegna læknisheimsóknar, lyfjakostnaðar eða endurhæfingar í tengslum við slysið.

30. Hvað bætir tryggingin ekki?

- 30.1 VÍS greiðir ekki bætur vegna slysa sem verða:
- a) Af völdum skráningarskylds vélknúins ökutækis á Íslandi. Þó greiðir VÍS bætur vegna slyss sem verður að völdum létts bifhjóls í flokki I skv. umferðalögum.
 - b) Af völdum vélknúins ökutækis sem skráð er erlendis þar sem lögboðið er að tryggja vegna slíkra slysa, eða ef til staðar er lögboðinn sjóður í viðkomandi landi sem bætir þannig slys.
 - c) Í keppni eða við æfingar til undirbúnings fyrir keppni í hvers konar íþróttum ef tryggður hefur náð 18 ára aldri. Með íþróttum er hér átt við einstaklings- eða liðsíþróttir sem æfðar eru reglulega undir leiðsögn þjálfara á vegum félaga eða samtaka sem hafa íþróttakeppni að tilgangi. Þessi takmörkun á þó ekki við um almenningsþátttöku í keppni eða æfingum í golfi, götu- eða fjallahjóleiðum (þó ekki fjallahjólabrun eða enduro), þríþraut, víðavangs- eða götuhlaupi.
 - d) Í bardaga-, glímu-, eða sjálfsvarnaríþróttum þar sem tilgangur íþróttanna er að slá, kýla eða sparka til andstæðingsins eða takast á við hann á annan hátt. Undanþága þessi á þó ekki við börn yngri en 18 ára þegar um er að ræða keppni eða æfingu undir leiðsögn þjálfara á vegum félaga eða samtaka sem hafa íþróttakeppni að tilgangi.
 - e) Í akstursíþróttum. Undanþága þessi á þó ekki við börn yngri en 17 ára þegar um er að ræða keppni eða æfingu undir leiðsögn þjálfara á vegum félaga eða samtaka sem hafa íþróttakeppni að tilgangi.
 - f) Í bjargsigi, kletta-, fjalla- og ísklifri.
 - g) Í fjallgöngu af hvaða tegund sem er í yfir 4.000 metra hæð frá sjávarmáli.
 - h) Í köfun með súrefniskút og friköfun (án súrefnis) á meira dýpi en 10 metrar.
 - i) Í loftbelgsflugi og fallhlífastökki.
 - j) Í svifvængja-, dreka-, svif-, físvélaflugi og öðrum sambærilegum athöfnum.
 - k) Í teygjustökki og BASE stökki og öðrum sambærilegum athöfnum.
 - l) Í flugi, nema tryggður sé farþegi í áætlunar- eða leiguflugi á vegum aðila sem hefur tilskilin leyfi hlutaðeigandi flugmálayfirvalda.
 - m) Í handalögmálum eða við þátttöku í refsiverðum verknaði.
 - n) Af völdum ljósabaða, lækningameðferðar, skurðaðgerðar eða lyfjanotkunar, nema meðferðin sé að læknisráði vegna bótaskylds slyss og gerð á viðurkenndri heilbrigðisstofnun.
 - o) Af völdum áfengis, ávana- og fíkniefna eða annarra örvandi eða deyfandi efna.
 - p) Af völdum eitraðra lofttegunda, nema það hafi orðið skyndilega og án vilja tryggðs.
 - q) Á beinni leið til og frá vinnu.

Áhættu samkvæmt c—i-lið greinar 30.1 er hægt að tryggja sérstaklega.

Með almenningsþátttöku er átt við keppni og/eða æfingar þar sem ekki eru sett tiltekin skilyrði fyrir þátttöku, s.s. lágmarksárangur.

31. Tryggingarfjárhæð

- 31.1 Tryggingarfjárhæðir sem fram koma í skírteini eða endurnýjunarkvittun lækka þegar ákveðnum aldri er náð og verða þá tilteknir hundraðshlutar af hámarks bótafjárhæðum. Sjá lækunartöflur í viðauka I.

32. Ákvörðun bóta

- 32.1 Dánarbætur:
- 32.1.1 Látist tryggður vegna afleiðinga slyss innan eins árs frá slysdegi greiðast dánarbætur, að frádregnum bótum sem VÍS kann að hafa greitt tryggða fyrir varanlegan miska vegna sama slyss.
- 32.1.2 Hafi tryggður engan á framfæri sínu greiðast einungis 25% af dánarbótum slysatryggingar. Með framfæranda er átt við þann sem sannanlega hefur barn eða fullorðinn einstakling á framfæri sínu.



- 32.1.3 Hámark dánarbóta fyrir börn yngri en 18 ára er 25% af dánarbótum slysatryggingar.
- 32.1.4 Ef tryggður deyr af völdum slyss þegar meira en ár er liðið frá slysdegi, en áður en endanlegt miskamat hefur farið fram, greiðast bætur sk. bráðabirgðamiskamati, en þó aldrei hærrí fjárhæð en dánarbætur hefðu verið.
- 32.1.5 Dánarbætur greiðast því aðeins að slysið sé bein og eina orsök að andláti tryggðs. Ef sjúkdómur, veiklun eða sjúklegt ástand tryggðs eru meðorsakir dauða hans greiðast engar dánarbætur. Þetta gildir hvort sem ástand þetta var til staðar þegar slysið varð eða skapaðist síðar, án þess þó að vera beinlínis og einungis afleiðing af slysi sem tryggingin nær til.
- 32.1.6 VÍS á rétt á því að hinn látni verði krufinn til þess að leidd verði í ljós dánarorsök og annað sem máli gæti skipt um bótaábyrgð VÍS.
- 32.1.7 Dánarbætur greiðast maka tryggðs. Sé maki ekki til staðar greiðast þær til erfingja skv. lögum eða erfðaskrá.
- 32.1.8 Dánarbætur breytast í réttu hlutfalli við breytingu vísitölu neysluverðs frá slysdegi til dánardags.
- 32.2 Bætur vegna varanlegs miska:
- 32.2.1 Valdi slyss tryggðum varanlegum miska innan þriggja ára frá því slysið varð greiðast miskabætur.
- 32.2.2 Miskastig skal meta í hundradshlutum skv. töflum Örorkunefndar um miskastig sem eru í gildi þegar mat fer fram. Við ákvörðun miskastigs ber ekki að taka tillit til starfs, sérstakra hæfileika né þjóðfélagsstöðu. Slyss sem eingöngu valda lýti skal ekki meta til miska. Ef líkur eru til að ástand tryggða megi bæta með skurðaðgerðum eða öðrum slíkum aðgerðum ber að taka tillit til hugsanlegs bata, sem slíkar aðgerðir kynnu að hafa í för með sér. Sé áverka hins slasaða ekki getið í töflum Örorkunefndar um miskastig skal meta hann sérstaklega með hliðsjón af töflunum.
- 32.2.3 Við mat á varanlegum miska skal beita hlutfallsreglu eftir því sem við á.
- 32.2.4 Bætur vegna varanlegs miska greiðast í hlutfalli við grunnfjárhæð miskabóta sem fram kemur í skírteini eða endurnýjunarkvittun sem í gildi var á slysdegi þannig að hvert miskastig frá 26-50% verkar tvöfalt, hvert miskastig frá 51-75% verkar fjórfalt og hvert miskastig frá 76-100% verkar sexfalt. Bætur við 100% varanlegan miska verða því 325% af grunnfjárhæð.
- 32.2.5 Ef missir útlíma, sjónar eða heyrnar er ekki alger, bætist miskinn hlutfallslega. Ef útlímur eru algerlega ónothæfir telst það missir þeirra. Ef þeir eru að einhverju leyti nothæfir reiknast miskinn hlutfallslega.
- 32.2.6 Missir eða bæklun á útlím eða líffæri sem var ónothæft fyrir slysið gefur ekki rétt til bóta vegna varanlegs miska. Missir eða bæklun á útlím eða líffæri sem áður var bæklað skal metið til miska með hliðsjón af bækluninni fyrir slysið.
- 32.2.7 Bendi fyrirbyggjandi læknisfræðileg gögn til varanlegra afleiðinga vegna slyssins, mun starfsfólk VÍS leggja mat á umfang þeirra með hliðsjón af miskatöflu Örorkunefndar. Telji starfsfólk VÍS tilefni til, getur VÍS aflað mats utanaðkomandi sérfræðings á afleiðingum slyssins.
- 32.2.8 Tryggður skal óska eftir mati VÍS í samræmi við grein 32.2.7 eigi síðar en 3 árum frá slysdegi, að öðrum kosti fellur réttur hans til bóta skv. tryggingunni niður.
- 32.2.9 Miskabætur breytast í réttu hlutfalli við breytingu vísitölu neysluverðs frá slysdegi til uppgjörsdags. Vísitölubinding miska varir þó aldrei lengur en í þrjú ár frá slysdegi.
- 32.3 Bætur fyrir tímabundinn missi starfsorku:
- 32.3.1 Valdi slyss tryggða tímabundnum missi starfsorku greiðir VÍS dagpeninga. Dagpeningarnir greiðast í hlutfalli við starfsorkumissinn frá lokum biðtíma og svo lengi sem tryggður er óvinnufær að mati lækni eða starfsorkumissirinn er orðinn varanlegur skv. læknisvottorði eða miskamati. Dagpeningar greiðast að hámarki í 52 vikur að frádregnum biðtíma skv. skírteini eða endurnýjunarkvittun og ekki fyrir tímabil að loknum 3 árum frá slysdegi.
- 32.3.2 Með biðtíma er átt við það tímabil sem skv. skírteini eða endurnýjunarkvittun á að líða frá slysdegi þar til dagpeningagreiðslur hefjast. Fyrir þetta tímabil eru ekki greiddir dagpeningar.
- 32.3.3 VÍS tekur ákvörðun um greiðslu dagpeninga á grundvelli læknisvottorða og annarra gagna sem fyrir liggja.
- 32.3.4 Stafi starfsorkumissir slasaða að einhverju leyti af öðrum orsökum en slysinu lækka dagpeningar í beinu hlutfalli við það hvern þátt þessar orsakir eiga í missi starfsorkunnar.
- 32.3.5 VÍS bætir ekki tímabundinn starfsorkumissi sem er minni en 50% af eðlilegri starfsorku.

Miskabætur eru fébætur fyrir tjón sem er ekki fjárhagslegt. Greiddar eru sömu miskabætur til aðila óháð aldri, stöðu á vinnumarkaði og félagslegri stöðu.



- 32.3.6 Dagpeningar breytast í réttu hlutfalli við breytingu vísitölu neysluverðs frá slysdegi meðan starfsorkumissir varir.
- 32.3.7 Dagpeningar greiðast í lok hvers mánaðar.
- 32.4 Bætur vegna tannbrots:
- 32.4.1 VÍS greiðir viðgerðir á heilbrigðum og vel viðgerðum tönnum sem brotna eða laskast við slys.
- 32.4.2 VÍS bætir þó ekki tannbrot sem verða við vinnuslys, sbr. lög um almannatryggingar, eða brot sem verða þegar tryggður matast.
- 32.5 VÍS er heimilt að láta lækni, að vali VÍS, skoða tryggða.
- 32.6 VÍS er heimilt að afla sér upplýsinga um fyrra heilsufar tryggða að fengnu samþykki hans.
- 32.7 VÍS greiðir kostnað vegna nauðsynlegra læknisvottorða í tengslum við tjónsatburð þegar þeirra er aflað að beiðni VÍS.

33. Breytinga- og hjálparkostnaður vegna slyss

- 33.1 Greiddur er kostnaður vegna nauðsynlegra breytinga á húsnæði tryggingartaka og/eða nauðsynlegra hjálparkæja í kjölfar bótaskylds slyss úr frítímalsatryggingu er veldur varanlegum miska.
- 33.2 Allar breytingar og kaup á hjálparkæjum skulu vera gerð í samráði við VÍS.
- 33.3 Við greiðslu bóta skal skila inn reikningi. Á reikningi þarf að koma fram hvaða framkvæmdir voru gerðar á húsnæði og hvers konar hjálparkæki voru keypt.
- 33.4 VÍS greiðir ekki bætur vegna kostnaðar sem stofnað er til eftir að 6 mánuðir eru liðnir frá greiðslu miskabóta.
- 33.5 Hámarksfjárhæð bóta fyrir hvern tryggðan í hverjum tjónsatburði kemur fram í skírteini eða endurnýjunarkvittun. Bætur greiðast aðeins einu sinni vegna hvers þess sem tryggður er.

B. Neyðaraðstoð vegna ofbeldis í nánu sambandi

34. Hvar gildir tryggingin?

- 34.1 Tryggingin gildir á Íslandi.
- 34.2 Tryggingin gildir á ferðalagi erlendis í allt að 92 samfellda daga frá upphafi ferðar frá Íslandi og heim aftur.

35. Hvað bætir tryggingin?

- 35.1 VÍS greiðir bætur til kaupa á nauðsynjum ef tryggður þarf að breyta aðstæðum sínum vegna ofbeldis í nánu sambandi.
- 35.2 Það er skilyrði bótaskyldu að fyrir liggi staðfesting fagaðila þess efnis að tryggður sé að koma sér út úr ofbeldi í nánu sambandi.

36. Tryggingarfjárhæð

- 36.1 Hámarksbætur fyrir hvern tjónsatburð eru kr. 200.000 á mánuði. Bætur greiðast þó aldrei lengur en í 3 mánuði á hverju tryggingartímabili.

C. Áfallahjálp

37. Hvar gildir tryggingin?

- 37.1 Tryggingin gildir á Íslandi.
- 37.2 Tryggingin gildir á ferðalagi erlendis í allt að 92 samfellda daga frá upphafi ferðar frá Íslandi og heim aftur.

38. Hvað bætir tryggingin?

- 38.1 VÍS greiðir fyrir áfallahjálp tryggðs ef:
- Brotist er inn á heimili tryggðs.
 - Heimili tryggðs verður fyrir verulegu eignatjóni.
 - Þegar tryggðum munum er rænt af tryggðu, það er, þegar þeir eru teknir með líkamlegu ofbeldi eða hótunum um að beita því þegar í stað.⁵
 - Einhver hinna tryggðu lendir í alvarlegu slysi.
 - Einhver hinna tryggðu verður fyrir ofbeldi í nánu sambandi.

Ofbeldi í nánu sambandi er ofbeldi sem einstaklingur verður fyrir af hálfu einhvers sem er honum nákominn, skyldur eða tengdur, eins og maki, barn, foreldri, barnsfaðir, systkini eða forráðamaður.

⁵ Sbr. 252. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.



38.2 Það er skilyrði fyrir bótaskyldu að tjónsatvikið, sem orsakar að tryggður þurfi á áfallahjálpar að halda, sé bótaskyld og greitt skv. einhverjum kafla þessarar tryggingar.

39. Hvað bætir tryggingin ekki?

39.1 VÍS greiðir ekki bætur vegna tjónsatvika sem áttu sér stað áður en tryggður öðlaðist tryggingarvernd vegna áfallahjálpar.

40. Ákvörðun bóta

40.1 VÍS greiðir kostnað við allt að 4 klukkustunda samtalsmeðferð á starfsstöð meðferðaraðila á Íslandi. Meðferðinni skal vera lokið innan 12 mánaða frá tjónsatburði.

40.2 VÍS greiðir aðeins viðtalskostnað en annar kostnaður svo sem ferðakostnaður er ekki greiddur.

40.3 Hámarksbætur er fram koma í skírteini eða endurnýjunarkvittun eru fyrir hvern tryggðan í hverjum tjónsatburði.

D. Sjúkrahúslegutrygging

41. Hvar gildir tryggingin?

41.1 Tryggingin gildir á Íslandi og á ferðalagi erlendis í allt að 92 samfellda daga frá upphafi ferðar frá Íslandi og heim aftur.

42. Hvað bætir tryggingin?

42.1 Tryggingin greiðir dagpeninga verði tryggður að dvelja samfelld á sjúkrahúsi vegna sjúkdóms, veikinda eða slyss. Innlögnin verður að vera staðfest af lækni og læknisfræðilega nauðsynleg. Bætur greiðast ekki fyrir skemmri dvöl en fram kemur í skírteini eða endurnýjunarkvittun. Bætur greiðast aðeins ef innlögn á sér stað á gildistíma tryggingarinnar.

42.1.1 Ef um barn yngra en 18 ára, sem nýtur verndar úr tryggingunni, er að ræða eru bætur greiddar til eins forráðamanns.

42.2 Hámarks bótatími, á hverju tryggingartímabili, vegna sama sjúkdóms, veikinda eða slyss kemur fram í skírteini eða endurnýjunarkvittun. Sjúkdómar með læknisfræðileg tengsl teljast eitt og sama sjúkdómstíllífið.

42.2.1 Ef bætur hafa verið greiddar skv. grein 42.1.1 og barnið fer aftur á sjúkrahús innan tólf mánaða frá lokum fyrri sjúkrahúsvalar vegna sama sjúkdóms eða slyss á forráðamaður rétt til bóta frá komudegi ef hámarks bótatími er ekki fullnýttur.

42.3 Kostnað vegna nauðsynlegra læknisvottorða í tengslum við tjónsatburð þegar þeirra er aflað að beiðni VÍS.

43. Hvað bætir tryggingin ekki?

43.1 VÍS greiðir ekki bætur vegna:

- a) Sjúkdóma eða veikinda sem fyrst höfðu sýnt einkenni áður en tryggingin var tekin eða tryggður öðlaðist vernd skv. tryggingunni.
- b) Slyss sem átti sér stað áður en tryggingin var tekin eða tryggður öðlaðist vernd skv. tryggingunni.
- c) Sjúkrahúsinnlagnar sem hefst innan 90 daga eftir að tryggingin var tekin eða tryggður öðlaðist tryggingarvernd skv. tryggingunni nema innlögn sé vegna slyss.
- d) Fæðingargalla eða sjúkdóma sem eru fyrir hendi við fæðingu eða greinast innan þriggja mánaða frá fæðingu.
- e) Hvers konar kvíða, geðsjúkdóma og heilabilunarsjúkdóma.
- f) Meðgöngu eða barnsfæðingar (nema sem afleiðing slyss).
- g) Innlagnar á endurhæfingarstofnun.
- h) Efnaskipta- og offítuáðgerða.
- i) Neyslu lyfja, áfengis, fíkniefna eða annarra vímuefna og sjúkdóma eða slysa sem rekja má beint eða óbeint til neyslu framangreindra efna.
- j) Slysa sem tryggður verður fyrir og eru undanskilin í c – m-lið greinar 30.1.
- k) Fegrunar- eða lýtaaðgerða, nema lýtaaðgerða vegna slysa sem orðið hafa á tryggingartímabilinu.
- l) Smitsjúkdóma sem krefjast einangrunar eða sóttkvíar að lögum.
- m) HIV veiru (AIDS) eða afleiðinga þeirrar sýkingar eða annarra sjúkdóma, lyfja eða heilkenna, sem valda ónæmisbælingu.

**44. Ákvörðun bóta**

- 44.1 Áður en hægt er að taka ákvörðun um bætur vegna sjúkdóms, veikinda eða slyss verður að liggja fyrir vottorð læknis um hvenær sjúkdómurinn var fyrst greindur, upphaf veikinda eða hvenær og hvernig slys átti sér stað.
- 44.2 Bætur eru greiddar þegar fyrir liggur skrifleg staðfesting frá sérfræðilækni á því sjúkrahúsi, sem tryggður dvaldist á, um lengd sjúkrahúsdvalar og ástæður hennar.
- 44.3 Bætur greiðast í einu lagi eftir að sjúkrahúsdvöl lýkur.

45. Aldurstakmörk

- 45.1 Tryggingin gildir til 60 ára aldurs tryggðs.

E. Málskostnaðartrygging**46. Hvar gildir tryggingin?**

- 46.1 Tryggingin gildir á Íslandi og á ferðalagi erlendis í allt að 92 samfellda daga frá upphafi ferðar frá Íslandi og heim aftur.

47. Hvenær gildir tryggingin?

- 47.1 Tryggingin tekur til ágreinings sem kemur upp á tryggingartímabilinu, enda hafi hún þá verið í gildi hjá VÍS að minnsta kosti í tvö ár samfleytt. Hafi tryggður haft sams konar tryggingu hjá öðru tryggingafélagi fær hann þá tryggingu reiknaða sér til góða.
- 47.2 Tryggingin tekur einnig til ágreinings ef:
- 47.1.1 Atburðir eða þau atvik sem liggja til grundvallar kröfunni hafa gerst eftir að tryggingin tók gildi.
- 47.1.2 Tryggður hefur ekki lengur málskostnaðartryggingu eða sambærilega tryggingu þegar ágreiningur kemur upp ef tryggingin hefur verið í gildi þegar þeir atburðir eða þau atvik sem liggja til grundvallar kröfunni gerðust og ekki eru liðin 4 ár frá atburðinum eða atvikinu.

48. Hvað bætir tryggingin?

- 48.1 Tryggingin bætir málskostnað vegna ágreinings sem snertir tryggðan sem einstakling og getur komið til úrlausnar héraðsdóms, Landsréttar eða Hæstaréttar hér á landi og er til lykta leiddur með dómi, úrskurði eða dómsátt gerðri skv. 109. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991. Sé um að ræða ágreining sem ekki verður vísað til dómstóla nema að undangenginni málsmeðferð á öðrum vettvangi tekur tryggingin einungis til kostnaðar sem til er stofnað að lokinni slíkri meðferð. Tryggingin tekur einnig til endurupptöku, sé hún heimiluð og skilyrði 47. gr. skilmálans séu uppfyllt. Tryggðum er skylt að láta reyna á að fá málskostnað greiddan með því að sækja um gjafsókn, nema augljóst sé að hann uppfylli ekki skilyrði til þess.

49. Hvað bætir tryggingin ekki?

- 49.1 Tryggingin bætir ekki málskostnað:
- Vegna sakamála.
 - Vegna ágreinings sem aðeins getur komið til úrskurðar framkvæmdavalds eða sérdómstóla.
 - Sem varðar hjónaskilnað eða mál sem upp kunna að koma í sambandi við hjónaskilnað. Sama gildir um mál vegna sambúðarslita og önnur mál sem varða ágreining um forræði barna, umgengnisrétt og faðernismál.
 - Sem er í tengslum við atvinnu eða embættisrekstur tryggðs.
 - Sem varðar ábyrgð sem tryggður hefur gengið í þ.m.t. lánsveð í fasteignum.
 - Sem varðar fjárhagslegar ráðstafanir sem eru óvenjulegar eða óvenju umfangsmiklar fyrir einstakling eða stafa af því að einstaklingur gengur í ábyrgð fyrir annan.
 - Sem varðar kröfu eða annað tilkall sem framselt hefur verið hinum tryggða.
 - Sem varðar tryggðan sem eiganda fasteignar.
 - Sem varðar tryggðan sem eiganda, notanda eða stjórnanda vélknúins farartækis, hjólhýsis, fellihýsis eða annarra tengivagna, loftfars, skips, gufubáts, vélbáts eða seglskútu þ.m.t. fjárskuldbindingar sem tengjast framan töldu.
 - Sem varðar skaðabætur eða aðrar kröfur sem varða verknað sem leiðir til gruns eða ákæru á hendur tryggða vegna brots sem er saknæmt.
 - Sem varðar víxilmál og innheimtumál gegn tryggða þar sem krafa er óumdeild eða óumdeilanleg.

Hlutverk málskostnaðartryggingar er að greiða málskostnað vegna ágreinings í einkamálum.



- l) Ef ekki eru fyrir hendi réttmætir hagsmunir af því að fá dóm í málinu. Slíkir hagsmunir verða t.d. ekki taldir vera fyrir hendi ef umsókn um gjafsókn hefur af þeirri ástæðu verið hafnað eða veiting gjafsóknar verið afturkölluð.
- m) Sem varðar ágreining tryggða við VÍS.
- n) Sem varðar mál sem snúast um gjaldþrot eða nauðasamninga, þar sem tryggður er sjálfur gjaldþrota eða leitar nauðasamninga.

50. Val á lögmanni

- 50.1 Það er skilyrði bótaskyldu að tryggður hafi leitað aðstoðar lögmanns sem tekið hefur málið að sér. Tryggður velur sjálfur lögmann meðal félaga í Lögmannafélagi Íslands. Lögmaður getur ekki farið sjálfur með eigið mál án samþykkis VÍS.
- 50.2 Lögmaðurinn skal tilkynna VÍS þegar hann hefur tekið að sér málið áður en frekar er aðhafst í því. Lögmaðurinn getur þó framkvæmt það í málinu sem ekki þolir bið.

51. Ákvörðun bóta

- 51.1 VÍS greiðir vegna hvers tjóns nauðsynlegan og eðlilegan lögmanns- og málskostnað sem tryggður getur ekki fengið greiddan frá mótaðila eða hinu opinbera þegar málið hefur verið til lykta leitt. Þetta þýðir m.a. að VÍS greiðir ekki ef tryggður gefur frá sér möguleika að innheimta málskostnað frá mótaðila með eða án málsóknar.
- 51.2 Um eitt tjón telst vera að ræða ef hinir tryggðu eiga aðild sömu megin að ágreiningi eða máli. Ef tryggður á í fleiri ágreiningsmálum skulu slík mál talin eitt tjón svo fremi að kröfur þær sem uppi eru hafðar séu í meginatriðum af sömu rót.
- 51.3 Komi upp ágreiningur um réttmæti málflutningsþóknunar ber tryggða að leggja ágreininginn fyrir úrskurðarnefnd lögmannna skv. 26. gr. laga um lögmennt nr. 77/1998.
- 51.4 VÍS greiðir:
- a) Þóknun lögmanns og kostnað.
 - b) Kostnað við að afla álitserða ef lögmaður tryggða biður um álitserðina áður en til dómsmáls kemur eða augljóst má telja að dómur yrði ekki lagður á mál án þess háttar álitserðar.
 - c) Kostnað við leiðslu vitna eða aðra sönnunarfærslu fyrir dómstólum.
 - d) Réttargjöld.
 - e) Málskostnað sem tryggður er dæmdur eða úrskurðaður til að greiða gagnaðila af dómstóli við lok máls.
 - f) Málskostnað sem tryggður tekur á sig í réttarsátt að greiða gagnaðila ef augljóst er að dómstóll hefði dæmt hann til að greiða hærri málskostnað ef dómur hefði gengið.
- 51.5 VÍS greiðir ekki:
- a) Eigin vinnu, tekjuskerðingu, ferða- og dvalarkostnað eða annan kostnað tryggðs.
 - b) Fullnustu dóms, úrskurðar eða samkomulags.
 - c) Aukakostnað sem stafar af því að fengnir eru fleiri lögmennt eða skipt er um lögmann.
 - d) Aukakostnað sem stafar af því að tryggður eða lögmaður hans gerist sekur um vanrækslu í málarekstrinum eða hefur að öðru leyti sýnt af sér vanrækslu.
 - e) Hærri bætur vegna málskostnaðar en sem svarar til stefnufjárhæðar, ef hún er til staðar, en annars sem svarar til fjárhæð þeirra hagsmuna sem ágreiningur er uppi um, þó aldrei hærri bætur en fjárhæð bóta sem fram kemur í skírteini eða endurnýjunarkvittun.

52. Tryggingarfjárhæð

- 52.1 Nú tekur sami lögmaður og/eða sama lögmannsstofa að sér mál, þar sem fimm eða fleiri tryggðir eiga sömu lögvörðu hagsmuna að gæta og málarekstur þeirra uppfyllir skilyrði laga um meðferð einkamála nr. 91/1991 um samlagsaðild og/eða málsóknarfélög, þá greiðir VÍS aldrei herra hlutfall af fjárhæð málskostnaðar sem kemur fram á skírteini eða endurnýjunarkvittun en sem kemur fram í töflunni hér á eftir:

Fjöldi	Hlutfall
5-15	80%
16-30	65%
31-50	40%
51+	30%



53. Endurkrafa

53.1 Að svo miklu leyti sem bætur vegna tryggingarinnar hafa verið greiddar eignast VÍS rétt hins tryggða til málskostnaðar frá gagnaðila eða hinu opinbera.

V. Ferðatrygging

54. Hvar og hvenær gildir tryggingin?

54.1 Tryggingin gildir á ferðalagi erlendis í allt að 92 samfellda daga frá upphafi ferðar frá Íslandi og heim aftur:

- Í frítíma.
- Í bóklegu námi.
- Í starfi, launuðu eða ólaunuðu, ef það tengist viðskiptafundum, skrifstofu-störfum, ráðstefnum eða bóklegum námskeiðum.

55. Tryggingarfjárhæð og eigin áhætta

55.1 Hámarksfjárhæð bóta fyrir hvern tryggðan í hverjum tjónsatburði kemur fram í skírteini eða endurnýjunarkvittun.

55.2 Eigin áhætta fyrir hvern tryggðan í hverjum tjónsatburði kemur fram í skírteini eða endurnýjunarkvittun.

56. Forföll í ferð

56.1 Tryggingin bætir kostnað við fargjald og gistingu vegna ferðar til útlanda sem greiddur er fyrir fram eða samið er um fyrirframgreiðslu á og ekki fæst endurgreiddur, ef tryggður kemst ekki í ferð af einni af eftirtöldum ástæðum:

- Alvarlegt slys eða skyndileg veikindi tryggða sem staðfest er með vottorði læknis um að tryggður sé ekki ferðafær. Sama á við ef tryggður deyr áður en ferð er farin.
- Andlát, alvarlegt slys eða skyndileg alvarleg veikinda maka, barna, barnabarna, foreldra, afa, ömmu, tengdforeldra, tengdabarna eða systkina tryggðs.
- Verulegt eignatjón á heimili tryggðs eða í einkafyrirtæki hans sem gerir nærveru tryggðs nauðsynlega. Samráð skal haft við VÍS um hvort nauðsynlegt sé að hætta við ferð.
- Opinber sóttkví.
- Kvaðning tryggðs til að vitna fyrir dómi.
- Starf sem tryggður getur ekki komist hjá að vinna skv. lögum um skyldusóttkví.
- Tryggður kemst ekki í ferð vegna opinberra hafta er leiða af farsótt.

56.2 Tryggingin bætir ekki fyrirframgreiddan kostnað við fargjald og gistingu vegna:

- Sjúkdóms, meðferðar eða veikinda sem voru fyrir hendi áður en tryggingin var tekin, staðfestingargjald greitt eða ferðakostnaður greiddur.
- Sjúkdóma sem verða á 9. mánuði meðgöngu.
- Alvarlegs slyss sem átti sér stað áður en trygging var tekin eða var þegar orðið þegar ferðakostnaður var greiddur.
- Slysa sem tryggður verður fyrir og eru undanskilin í c – m -lið greinar 30.1.
- Annarra en þeirra sem njóta tryggingarverndar skv. grein 2.
- Skuldbindingar til flutningsaðila, ferðaskrifstofu, hótels eða leiguaðila þegar engar greiðslur hafa farið fram.
- Tjóns sem orsakast af því að vanrækt var að tilkynna ferðaskrifstofu eða þeim aðila sem útvegar flutningsfar eða gistingu að nauðsynlegt reyndist að hætta við ferð.
- Flugvallaskatta og annarra gjalda sem sækja má til flutningsaðila.

56.3 Greiði tryggður sérstakt forfallagjald eða annað sambærilegt gjald hjá ferðasala, greiðast engar bætur úr þessari tryggingu.

57. Sjúkrakostnaður og slys á ferðalagi erlendis

57.1 Ef tryggður slasast, veikist eða deyr á ferðalagi erlendis bætir tryggingin:

57.1.1 Sjúkrakostnað:

- Sjúkrahúslegu erlendis ásamt læknishjálpi, lyfjum og annarri þjónustu sem sjúkrahúsið veitir. Sjúkrahúslegan og meðferðin skulu vera fyrirskipuð af lækni og greiðsla miðast við almennt sjúkrahús í viðkomandi landi.
- Læknishjálpi og lyf að læknisráði.

Ef þú ert við nám eða störf erlendis lengur en í 92 daga getur þú haft samband við VÍS og tryggt þig sérstaklega.

Ef þú ert í verklegu sjálfbóaliðastarfi erlendis þá gildir ferðatryggingin ekki en hægt er að kaupa sér tryggingu fyrir það.

Forföll í ferð eiga við þegar einhver þeirra sem tryggður er kemst ekki í ferð vegna tiltekinnar ástæðna sem þú getur kynnt þér nánar hér.

Tilkynna skal **SOS International** svo fljótt sem verða má um alvarleg slys eða veikindi. Neyðarþjónusta SOS International er veitt allan sólarhringinn, allt árið um kring. Sími í Danmörku (45) 3848 8080.
Netfang: sos@sos.dk
Heimasíða: www.sos.dk



- c) Kvalastillandi tannviðgerðir í neyðartilvikum. Hámark bóta vegna tannviðgerða er 1% af hámarks sjúkrakostnaði tryggingarinnar.

57.1.2 Aukinn kostnað:

- a) Aukaútgjöld vegna sérstakrar hótelvistar þegar læknir álfur að meðferð geti farið fram á hóteli. Til þessara útgjalda telst t.d. kostnaður vegna hjúkrunar og sjúkræfæðis. Hámarksbætur á sólarhring vegna þessa kostnaðar eru 1% af hámarks sjúkrakostnaði tryggingarinnar.
- b) Aukaútgjöld vegna heimferðar eða ferðar til þess að ná fyrir fram ákveðinni ferðaáætlun vegna tafar af völdum sjúkráhúslegu tryggða að læknisráði.

57.1.3 Sjúkraflutning:

- a) Telji læknir sá sem annast hefur tryggða vegna veikinda eða slyss á ferðalagi að tafarlaus heimferð sé nauðsynleg og geti orðið með venjulegum hætti, nægir VÍS skrifleg staðfesting læknisins. Í slíkum tilvikum greiðast aukaútgjöld vegna heimferðarinnar, t.d. aukasæti eða dýrara farrými. Ef um svo alvarlegan sjúkdóm eða slys er að ræða að læknirinn telur að flytja verði tryggða heim með öðrum hætti þarf að framkvæma það í samráði við SOS International og VÍS.

57.1.4 Flutning á látnum:

- a) Látist hinn tryggði á ferð sinni greiðir VÍS kostnað við flutning hins látna til Íslands svo og aukakostnað samferðamanns hans og kostnað við lögboðnar ráðstafanir.

57.2 Tryggingin bætir ekki:

- a) Sjúkrakostnað vegna sjúkdóma sem verða á 9. mánuði meðgöngu, við fæðingu eða fóstureyðingu.
- b) Sjúkrakostnað vegna langvinnra sjúkdóma og slysa sem tryggður hefur notið læknishjálpar við á síðastliðnum 12 mánuðum fyrir greiðslu staðfestingargjalds. Með meðferð er meðal annars átt við hverskonar meðhöndlun sem ætlað er að bæta eða viðhalda líkamlegu eða andlegu heilsufari, svo sem læknskómur, lyfjanotkun, endurhæfingu, ráðgjöf, viðtöl, séræði og óhefðbundna lækningameðferð. Ákvæðið á ekki við um flutning á látnum til Íslands.
- c) Sjúkrakostnað vegna valkvæðra læknis- og fegrunarmeðferða erlendis.
- d) Lyfjakostnað vegna lyfja sem tryggður hefur notað reglulega áður en ferð var hafin.
- e) Sjúkrakostnað vegna áframhaldandi læknismeðferðar ef tryggður neitar að láta flytja sig heim þrátt fyrir ráð læknis sem hefur stundað hann og álit SOS International.
- f) Sjúkrakostnað lengur en í þrjú mánuði vegna læknismeðferðar erlendis.
- g) Kostnað vegna lyfja án læknisráðs, gervilima og gervitanna, gleraugna, augnlinsa, heyrnartækja og annarra sambærilegra tækja.
- h) Sjúkrakostnað vegna sjúkdóma eða slysa sem eru undanskilin skv. grein 30.1. Þó greiðir VÍS kostnað vegna slyss hins tryggða af völdum vélknúins skráningarskylds ökutækis.

58. Ferðakostnaður annarra aðila

58.1 Tryggingin greiðir nauðsynlegan ferða- og dvalarkostnað:

- a) Ættingja eða vinar tryggðs, sem dvelst hjá eða fylgir tryggðum heim skv. læknisráði og í samráði við SOS International eða VÍS, vegna alvarlegs slyss eða sjúkleika tryggðs.
- b) Náins ættingja eða vinar tryggðs frá Íslandi og heim aftur, í samráði við SOS International eða VÍS, vegna alvarlegs slyss eða sjúkleika tryggðs.

58.2 Hámarksbætur vegna ferðakostnaðar annarra aðila eru 10% af hámarks sjúkrakostnaði tryggingarinnar.

59. Endurgreiðsla orlofsferðar

59.1 Verði orlofsferð rofin skv. fyrirmælum læknis áður en hún er hálfnuð eða hafi tryggður legið á sjúkrahúsi a.m.k. hálfan ferðatímann greiðir VÍS andvirði ferðar sjúklingsins. Verði ferð rofin án þess að ofangreindum skilyrðum sé fullnægt greiðir VÍS hvorki ónýttan hluta ferðakostnaðar né nýja utanferð í stað þeirrar sem rofin var.

59.2 Hámarksbætur vegna endurgreiðslu orlofsferðar eru 10% af hámarks sjúkrakostnaði tryggingarinnar.

60. Ferðarof

60.1 Tryggingin greiðir nauðsynleg viðbótarútgjöld vegna heimferðar til Íslands, ef tryggður neyðist til að stytta dvöl sína utanlands vegna:

Dvalarkostnaður er kostnaður við gistingu, ferðir og annar kostnaður sem er nauðsynlegur að mati VÍS. Fæðiskostnaður telst ekki til dvalarkostnaðar.

Endurgreiðsla ferðar getur komið til þegar rof verður á ferð, annað hvort vegna þess að tryggður þarf að fara fyrr heim eða vegna sjúkráhúslegu.

Ferðarof á við þegar tryggður þarf að stytta ferðalag vegna atvika sem eiga sér stað á Íslandi.



- a) Andláts, alvarlegs slyss eða skyndilegra og alvarlegra veikinda maka, barna, barnabarna, foreldra, afa, ömmu, tengdforeldra, tengdabarna eða systkina tryggða.
- b) Verulegs eignatjóns á heimili tryggðs eða í einkafyrirtæki hans, sem gerir nærveru hans nauðsynlega. Samráð skal haft við VÍS um það hvort heimferðar er þörf.

60.2 Hámarksbætur vegna ferðarofs eru 10% af hámarks sjúkrakostnaði tryggingarinnar.

61. Farangurstrygging

61.1 Tryggingin tekur til persónulegra lausafjármuna sem tryggðu hafa með sér á ferðalagi.

61.2 Tryggingin tekur ekki til peninga, skuldabréfa eða annarra verðbréfa, handrita og frímerkja.

61.3 Tryggingin bætir tjón sem verður á farangri:

- a) Af völdum bruna.
- b) Vegna þjófnaðar úr híbýlum, bifreiðum, húsvögnum og bátum.
- c) Vegna ráns.
- d) Vegna flutnings Slyss.
- e) Ef hann týnist alveg í flutningi.
- f) Vegna skemmdarverka.

61.4 Tryggingin bætir ekki:

- a) Tjón á brothættum hlutum, svo sem snjalltækjum, sjónvörpum, myndavélum, gleraugum, postulíni og glervöru, nema tjónið orsakist af bruna, þjófnaði eða af því að flutningstæki hlekkist á eða að árekstur verður milli farartækja og tjón fæst ekki að lögum bætt úr ábyrgðartryggingu þeirra.
- b) Skemmdir á ferðatöskum og öðrum hlífðartöskum.
- c) Tjón á hlutum vegna þess að þeir rispast, beyglast eða merjast ef það rýrir ekki notagildi þeirra.
- d) Tjón á hlutum ef þeir rifna eða skemmast í notkun, svo sem fatnaður, skíði og önnur íþróttáhöld.
- e) Tjón sem stafar af eðlilegu sliti eða galla eða skemmdir sem skaðleg smávikindi valda, t.d. mölur.
- f) Innri skemmdir, svo sem vélrænar bilanir, skammhlaup og aðrar skemmdir á rafkerfum.
- g) Tjón vegna eignaupptöku, kyrrsetningar og svipaðra aðgerða opinberra aðila.
- h) Tjón á tölvugögnum og hugbúnaði.
- i) Óápreifanleg verðmæti s.s. hugverk og minjagildi bætast ekki.

62. Töf á farangri

62.1 Fáir tryggður ekki innritaðan farangur sinn afhentan innan 12 klukkustunda eftir að á áfangastað er komið, vegna tafar eða rangrar afgreiðslu, greiðast bætur til kaupa á nauðsynjum.

62.2 Bætur takmarkast við þrjá tryggða vegna hvers tjónsatburðar.

62.3 Tryggingin greiðir ekki bætur vegna:

- a) Tafa á farangri sem kemur í ljós eftir að til Íslands er komið.
- b) Tafa á farangri sem uppgötvast innan sama sólarhrings og ferð lýkur á Íslandi.

63. Varúðarreglur

63.1 Tryggður skal loka gluggum, krækja þá aftur og læsa híbýlum, bifreiðum, húsvögnum og bátum þar sem munir eru skildir eftir.

63.2 Tryggður skal ekki skilja muni eftir án eftirlits á almannafæri og gæta þess að taka þá með þegar staður er yfirgefinn.

63.3 Tryggður skal sjá til þess að munir séu í viðeigandi og fullnægjandi umbúðum til að þola flutning.

63.4 Tryggður skal haga ferðatíma sínum þannig að tímamörk fyrir tengiflug sé ekki þrengri en lágmörk viðkomandi flugfélags/flugvallar kveða á um og athugasemd er gerð um í farbókun.

64. Tilkynning til flugfélags vegna tjóns

64.1 Skemmist farangur eða týnist í flugi eða á meðan farangur er í vörslu flugfélags er tryggða skylt að tilkynna skemmdirnar/tapið strax við landingu eða innan 7 daga til afgreiðslu flugfélagsins á þar til gerðu eyðublaði (P.I.R. skýrslu). Tryggður skal framvísa afriti skýrslunnar, ásamt kvittunum þar sem fram kemur hvort og þá hve mikið var greitt af flugfélaginu, þegar tjón er tilkynnt til VÍS.

64.2 Verði töf á afhendingu farangurs er tryggða skylt að framvísa staðfestingu frá flugfélaginu þar



sem tímalengd tafar kemur skýrt fram.

65. Ákvörðun bóta

- 65.1 Bætur vegna forfalla í ferð eru miðaðar við þá fjárhæð sem tryggður hefur greitt fyrir fram vegnar ferðar sinnar.
- 65.2 Bætur vegna sjúkrakostnaðar eða slyss á ferðalagi eru greiddar skv. reikningi.
- 65.3 Bætur vegna farangurtryggingar eru ákvarðaðar með eftirfarandi hætti:
- 65.3.1 Bætur skulu miðaðar við verðmæti á tjónsdegi á nýjum hlut, sambærilegum þeim sem skemmdist. VÍS er heimilt að afskrifa verðmæti hlutar vegna aldurs, notkunar og annarra atriða sem geta haft áhrif á verðmæti hlutarins. Skal þá beita afskriftarreglum skv. grein 10.1.
 - 65.3.2 Ef unnt er að gera við það sem skemmdist þannig að það verði í svipuðu ástandi og fyrir tjón og viðgerð borgar sig að mati VÍS, getur VÍS annað hvort greitt áætlaðan viðgerðarkostnað eða látið gera við það sem skemmdist á kostnað VÍS.
 - 65.3.3 Ef ekki er unnt að gera við það sem skemmdist eða það borgar sig ekki að mati VÍS, getur VÍS greitt bætur í peningum eða útvegað sambærilegan hlut og varð fyrir tjóninu að teknu tilliti til afskrifta skv. grein 10.1. Hafi VÍS greitt bætur skv. þessari grein áskilur það sér rétt til að gera tilkall til þess sem skemmdist.
 - 65.3.4 VÍS hefur rétt til að greiða mismun á verðmæti þess sem skemmdist eins og það var fyrir tjónsatburð og verðmæti eftir tjónsatburð.
 - 65.3.5 Úr og skartgripir bætast með allt að 5% af þeirri hámarksfjárhæð sem fram kemur í skírteini eða endurnýjunarkvittun sbr. A. hluta II. kafla.
 - 65.3.6 Fjárhæð bóta sem kemur fram í skírteini eða endurnýjunarkvittun skiptist hlutfallslega á hina tryggðu á ferðalögum erlendis, þó með þeirri takmörkun að hámark bótafjárhæðar fyrir hvern hinna tryggðu nemur 10% af fjárhæð bóta vegna innbús en samanlögð fjárhæð bóta getur þó aldrei orðið hærri en sú fjárhæð sem kemur fram í skírteini eða endurnýjunarkvittun.
 - 65.3.7 Stolnir munir sem koma fram eftir að VÍS hefur bætt tjón eru eign VÍS og skal þeim skilað til þess. Tryggður getur þó haldið mununum ef hann óskar þess með því að endurgreiða bæturnar.

Það sem fram kemur á hægrri spássíu er eingöngu til leiðbeiningar fyrir viðskiptavinum en er ekki hluti af texta skilmálans og ekki ætlað til túlkunar einstakra greina hans.



Viðauki I – Takmarkanir á tryggingarfjárhæðum

Hér á eftir eru tilgreindar takmarkanir á tryggingarfjárhæðum sem ekki koma fram í texta skilmálans eða í skírteini eða endurnýjunarkvittun. Hámarksbætur fara eftir því hvaða tryggingarfjárhæðir voru valdar við töku tryggingar.

Innbústrygging (A. hluti II. kafla skilmálans) – hámarks bótafjárhæðir í hverjum tjónsatburði skv. grein 9.5:

Tegund innbús	Hefðbundnar tryggingarfjárhæðir	Betri tryggingarfjárhæðir
Þjófnaður úr bifreið	Kr. 200.000	Kr. 450.000
Þjófnaður á reiðhjólí, léttu bifhjólí í flokki I skv. skilgreiningu umferðarlaga, barnavagni og barnakerru.	Kr. 200.000	Kr. 450.000

Innbústrygging (A. hluti II. kafla skilmálans) – hámarks bótafjárhæðir í hverjum tjónsatburði skv. grein 10.6:

Tegund innbús	Hefðbundnar tryggingarfjárhæðir – Prósenta	Betri tryggingarfjárhæðir – Prósenta
Úr og skartgripir	5%	10%
Sérgreint innbú skv. c-lið greinar 7.1	1%	2%
Verkfæri og varahlutir	5%	5%
Auka- og varahlutir farartækja	2%	2%

Fritímaslysatrygging (A. hluti IV. kafla skilmálans) – aldurstengdar takmarkanir skv. grein 31:

Þegar eftirfarandi aldri er náð verða tryggingarfjárhæðir vegna dánarbóta og tímabundins missis starfsorku eftirtaldir hundraðshlutar af hámarks fjárhæðum bóta sem fram koma í skírteini eða endurnýjunarkvittun:

Hefðbundnar tryggingarfjárhæðir	Betri tryggingarfjárhæðir	Prósenta
70 ára	70 ára	80%
71 árs	71 árs	60%
72 ára	72 ára	50%
73 ára	73 ára	40%
74 ára	74 ára	40%
75 ára	75 ára	30%
76 ára	76 ára	30%
77 ára og eldri	77 ára og eldri	20%

Þegar eftirfarandi aldri er náð verða tryggingarfjárhæðir vegna varanlegs miska eftirtaldir hundraðshlutar af hámarks fjárhæð miskabóta sem fram kemur í skírteini eða endurnýjunarkvittun:

Hefðbundnar tryggingarfjárhæðir	Betri tryggingarfjárhæðir	Prósenta
60 til 62 ára	---	95%
63 til 64 ára	---	90%
65 til 66 ára	---	85%
---	70 ára	80%
67 til 68 ára	---	70%
69 til 70 ára	71 árs	60%
71 til 72 ára	72 ára	50%
73 til 74 ára	73 til 74 ára	40%
75 til 76 ára	75 til 76 ára	30%
77 ára og eldri	77 ára og eldri	20%